



Númer: 16/2020

Dreifibréf til lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Efni: Ábendingar vegna COVID-19 til lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar

Fjármálaeftirlitsnefnd Seðlabanka Íslands birti á heimasíðu sinni, hinn 8. apríl síðastliðinn, [yfirlýsingu](#) um áherslur í fjármálaeftirliti á tímum kórónaveirufaraldurs (COVID-19). Þar komu fram almennir áherslupættir er sneru að öllum eftirlitsskyldum aðilum.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) gaf út [yfirlýsingu](#) sem birt var á heimasíðu stofnunarinnar hinn 17. apríl síðastliðinn. Þar var fjallað um helstu þætti til mildunar á áhrifum COVID-19 á lífeyrismarkað og starfstengda lífeyrissjóði (e. IORP).

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur með hliðsjón af yfirlýsingum EIOPA og fjármálaeftirlitsnefndar tekið saman ábendingar vegna COVID-19 varðandi starfsemi íslenskra lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Ábendingar vegna COVID-19 faraldursins

Fjármálaeftirlitið hefur fylgst náið með áhrifum COVID-19 á lífeyrismarkaðinn og starfsemi lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Lífeyrismarkaðurinn er mikilvægasta uppspretta sparnaðar landsmanna. Þar starfa 21 samtryggingarsjóður og fimm aðrir vörsluaðilar séreignarsparnaðar með fjölda fjárfestingarleiða. Að stærstum hluta bera sjóðfélagar og lífeyrisþegar alla áhættu af starfsemi sjóðanna með sparnaði sínum. Um sparnaðinn gildir strangt regluverk sem lýtur virku áhættumiðuðu eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið telur, að teknu tilliti til stærðar og mikilvægis lífeyrismarkaðarins og með það að markmiði að draga úr áhrifum áfallsins vegna COVID-19 á sjóðfélaga og lífeyrisþega og hugsanleg sveifluaukandi áhrif á hagkerfið, mikilvægt að lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar leggi áherslu á eftirfarandi þætti í sinni starfsemi.

Rekstrarsamfella og rekstaráhætta

Tryggja þarf samfella í lykilstarfsemi í daglegum rekstri og útvistaðri starfsemi sem tekur a.m.k. til :

- Innheimtu iðgjalda
- Fjárfestinga



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

- Öruggrar vörslu eigna
- Útgreiðslu lífeyris
- Ráðgjafar og þjónustu við sjóðfélaga

Fjármálaeftirlitið mun með hliðsjón af núverandi aðstæðum hafa fullan skilning á nauðsyn sveigjanleika við innheimtu iðgjalda frá vinnuveitendum sem lenda í greiðsluferfiðleikum. Eftirlitið vill leggja áherslu á að lífeyrissjóðir og vörsluaðilar reyni eftir fremsta megni að gæta samræmis við innheimtu gjaldfallinna iðgjalda.

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að fyllstu varúðar sé gætt gagnvart áhættum í rekstri og að risk í þjónustu verði takmarkað. Ennfremur að netöryggi vegna fjarvinnslu starfsmanna sé tryggt.

Til þess að lífeyrissjóðir og vörsluaðilar geti á þessum óvissutímum einbeitt sér sem mest að lykilþáttum starfseminnar mun Fjármálaeftirlitið veita sveigjanleika við gagnaskil ef þess gerist þörf. Óskir um fresti þurfa að berast tímanlega ásamt rökstuðningi.

Lausafjárstaða

Fjármálaeftirlitið mun fylgjast með lausafjástöðu samtryggingar- og séreignardeilda vegna:

- Seinkunar iðgjaldagreiðslna eða taps þeirra
- Samkomulags um greiðslufresti á lánnum
- Samdráttar í arðgreiðslum
- Aukinna úttektarheimilda séreignarsparnaðar
- Fjölgunar lífeyrisþega

Tryggingafræðileg staða og stöðugleiki

Fjármálaeftirlitið fylgist náið með og metur áhrif breytinga á fjármálamörkuðum á tryggingafræðilega stöðu, til skamms tíma, hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði og viðnámsþrótt þeirra til lengri tíma.

Fjármálaeftirlitið mun beita sér fyrir því að gætt sé jafnvægis milli langtímahagsmuna sjóðfélaga og skammtímaaðgerða við hinar núverandi ótryggu markaðsaðstæður sem leitt geta til sveifluaukandi áhrifa á hagkerfið og fjármálamarkaðinn.

Hagsmunir sjóðfélaga og lífeyrisþega

Fjármálaeftirlitið hvetur lífeyrissjóði og vörsluaðila séreignarsparnaðar til að íhuga vandlega, seinka eða hætta við ákvarðanir eða viðskipti sem geta stefnt í tvísýnu langtímahagsmunum sjóðfélaga og lífeyrisþega.



FJÁRMÁLAEFTIRLIT

Upplýsingagjöf

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar veiti skýrar og gagnsæjar upplýsingar til sjóðfélaga og lífeyrisþega um áhrif COVID-19 á daglegan rekstur og á eignasafnið miðað við markaðsaðstæður á hverjum tíma. Upplýsingagjöfin skal einnig taka mið af langtímahagsmunum sjóðfélaga.

Fjármálaeftirlitið telur mikilvægt að lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar hafi ofangreindar ábendingar í huga við þær aðstæður sem nú eru og veiti skýrar og gagnsæjar upplýsingar til sjóðfélaga og lífeyrisþega um áhrif COVID-19 á daglegan rekstur og eignasafnið.

Virðingarfyllst,

Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
Lífeyrir og váttryggingar

Jónas Þór Brynjarsson
forstöðumaður
Lífeyrir og váttryggingar